

Borgarráð 5. september 2024: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um aukna matarsóun þegar skólamáltíðir eru orðnar fríar MSS24090020

Hvernig ætlar skóla- og frístundasvið að bregðast við ef það verður aukin matarsóun í grunnskólum Reykjavíkur, þegar skólamáltíðir verða orðnar gjaldfrjálsar.

Greinargerð:

Nú þegar er mismiklum mat hent í skólum borgarinnar. Það skiptir miklu máli að krakkar fái að skammta sér mat sjálf og einnig hefur það vakið þau til meðvitundar ef þau fá tækifæri til að vigta og skrá þann mat sem þau leifa. Þetta er lykilatriði til að börn upplifi á eigin skinni hvað felst í sóun matar. Ekki allir skólar bjóða börnum upp á að skammta sér sjálf eða að vigta leifarnar.